

Grunnupplýsingar um ökurita og hraðatakmarkara

Gerðir ökurita:

- Bifreið skráð fyrir 1. september 2006 má vera búin skífuökurita.
- Bifreið skráð frá og með 1. september 2006 skal vera búin rafökurita.

Hvaða bifreiðar þurfa ökurita:

- Vörubifreiðar yfir 3.500 kg. heildarþyngd (ökutækjaflokkur N2, N3)
- Hópbifreiðar skráðar fyrir 16 farþega eða fleiri (ökutækjaflokkur M2, M3)
- Allar hópbifreiðar í atvinnurekstri skráðar eftir 1. júlí 2011 (ökutækjafl. M2, M3)

Hvaða bifreiðar þurfa hraðatakmarkara:

90 km/klst: (ökutækjaflokkur N2, N3)

- Vörubifreiðar skráðar eftir 1. janúar 1994 yfir 10 t. heildarþyngd.
- Vörubifreiðar skráðar eftir 27. apríl 2007 yfir 7,5 t. heildarþyngd.
- Vörubifreiðar skráðar eftir 1. janúar 2008 yfir 3,5 t. heildarþyngd.

100 km/klst: (ökutækjaflokkur M2, M3)

- Hópbifreiðar skráðar eftir 1. janúar 1994 yfir 10 t. heildarþyngd.
- Hópbifreiðar skráðar eftir 27. apríl 2007 yfir 7,5 t. heildarþyngd.
- Hópbifreiðar skráðar eftir 1. janúar 2008 yfir 5 t. heildarþyngd.
- Allar hópbifreiðar skráðar eftir 2. júlí 2009.

Undanþágur vegna ökurita:*

- Hópbifreið í reglubundnum ferðum, sé leiðin ekki lengri en 50 km.
- Bifreið sem fer ekki yfir 40 km/klst. hámarkshraða, þó unnt sé að aka henni hraðar.
- Bifreið hins opinbera sem notuð er í almannajónustu.
- Bifreið í reynsluakstri eða ökukennslu.
- Bifreið til neyðaraksturs.

*Reg. nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit. (3. gr. og 20. gr.)

*Reg. nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja. (12. gr.)

Undanþágur vegna hraðatakmarkara:**

- Bifreið til neyðaraksturs.
- Bifreið með lægri tæknilegan hámarkshraða en sem nemur takmörkunarahraðanum.
- Bifreið sem eingöngu er ætluð til að veita opinbera þjónustu í þéttbýli.
- Bifreið sem notuð er í tengslum við vísindalegar tilraunir.

**Reg. nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja. (12. gr.)

Nánari upplýsingar og reglugerðir:

- Reg. nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.
- Reg. nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.
- Reg. nr. 572/1995 um prófun á ökuritum.
- Reg. nr. 71/1998 um frágang á hraðatakmarkara í bifreið.